

Háskólakórinn syngur fyrir Suðurnesjabúa og Hafnfirðinga

Háskólakórinn heldur jólatónleika á Suðurnesjum og í Hafnfirði nú um helgina og á söngskránni eru gömul og ný jólalög.

Laugardaginn 8. desember syngur kórinn í Ytri-Njarðvíkirkirkju og sunnudaginn 9. desember í Þjóðkirkjunni í Hafnfirði. Tónleikarnir hefjast kl. 17 báða dagana.

Stjórnandi Háskólakórsins er Rut Magnússon. Aðgangur er ókeypis fyrir börn 13 ára og yngri og fyrir ellilífeyrisþega, en fyrir fullorðna kostar miðinn 1500 krónur.

Aðventu- kvöld í Kópavogs- kirkju

Nú er aðventan gengin í garð, undirbúningsstíminn undir komu jóla. Á jólaföstu minnir kirkjan á konung lífsins sem stendur við dyrnar og knýr á hug og hjarta hvers manns til þess að opna hann fyrir undri lífsins, segir í frétt frá Kópavogskirkju, sem boðar til aðventuhátíðar n.k. sunnudagskvöld 9. desember.

Digranes- og Kársnessöfnuður efna að þessu sinni sameiginlega til aðventukvöldsins og hefst það kl. 20.30 í Kópavogskirkju. Að venju verður boðið upp á fjölbreytt dagskrárefni. Ræðumaður kvöldsins verður dr. Gylfi Þ. Gíslason prófessor og Róbert Arnfinnsson leikari flytur ljóð, ort í tilefni jóla. Tónlistin verður í höndum Þóru Guðmundsdóttur organista og kirkjukórsins. Þá koma fram nemendur Elísabetar Erlingsdóttur úr Tónlistarskóla Kópavogs og einnig syngja þrjár stúlkur án undirleiks. Samkoman endar með andagt og fjöldasöng.

Kvennadeild Skagfirðinga- félagsins með basar um helgina

Kvennadeild Skagfirðingafélagsins í Reykjavík heldur jólabasar í félagsheimili sínu að Síðumúla 35 sunnudaginn 9. des. kl. 14. Þar verður á boðstólum margt eigulegra muna og vörur til jólagjafa, sem konurnar hafa unnið að undanförunu. Einnig verða til sölu kökur með jólakaffinu.

Jólafríðunir félagsins verður á sama stað miðvikudaginn 12. des. og hefst með borðhaldi kl. 19.30. Flutt verður fjölbreytt skemmtidagskrá.

Stjórnin.

um helgina

Kammersveit Reykjavíkur:

18. aldar verk á jólatónleikum

Kammersveit Reykjavíkur heldur jólatónleika sína á sunnudag 9. desember, klukkan 17 í Bústaðakirkju. Á efnisskránni eru eingöngu verk frá átjándu öld.

Tónleikarnir hefjast á konsert í a-möll eftir Vivaldi fyrir óbó, tvær fiðlur, cello og sembal. Þá verður fluttur kvintett eftir Jóhann Wilhelm Hertel fyrir trompett, tvö óbó og tvö fagott. Síðan fylltja flauta, óbó, fagott og samball tríó í g-möll eftir Vivaldi

og tónleikunum lýkur með kvintett í D-dúr eftir Johann Christian Bach og er hljóðfæraskipanin flauta, óbó, fiðla, lágfíðla, cello og semball.

Alls koma ellefu hljóðfæraleikarar fram á tónleikunum. Þetta eru aðrir tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur á sjötta starfsári hennar, en sú hefur hafa skapast, að sveitin leiki barok-tónlist í tilefni jóla í Bústaðakirkju.

Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn.



Kammersveit á æfingu


Lokasýning „Á sama tíma að ári“



A sunnudagskvöld eru allra síðustu forvöð að sjá bandaríska gamanleikinn Á sama tíma að ári í Þjóðleikhúsinu. Fáar leiksýningar hafa notið viðlíka vinsælda og verður lokasýningin 140. sýning á verkinu.

Bessi Bjarnason og Margrét Guðmundsdóttir fara með hlutverk skötujuanna sem hittast árlega á sveitahótel og þar eð leikritið spannar yfir 25 ár fáum við, auk alls grinsins, að fylgjast með breytingum sem verða á höfum þessara tveggja persóna og öðlumst innsýn í ýmis tskufyrirbrigði í bandarísku þjóðlífi síðasta aldarfjórðunginn.

Leikstjóri er Gísli Alfreðsson og leikmyndin er eftir Birgi Englberts.



Stúdíosus: Hreinn Guðbjörnsson, Charlie Brown: Sigurjón Skúlason og Háleendingurinn: Unnsteinn Kristinsson

Í Gardinum í kvöld:

Þið munið hann Jörund

Sérstök kynning á leikstarfsemi var haldin fyrir unglina

Í kvöld verður frumsýnt í Samkomuhúsinu í Gardinum leikritið „Þið munið hann Jörund“ eftir Jónas Arnason. Hefur Litla Leikfélagið þar enn ráðist í stórt verkefni, en 15 leikarar taka þátt í sýningunni, leikstjóri er Jakob S. Jónsson.

Leikritið er eins og allir vita um Jörund Hundadagakonung, en höfundur kallar það ósögulegt ævintýri með söngvum frá líðinni tíð. Er þá lítið fjallað um staðreyndir, en sagt frá valdaráni veikgeðja sjómanns, sem lætur stjórnast af ævintýramanni. Inn í þetta fléttast söngvar sem urðu landsfleygir hér á árunum, er Ídó sýndi þennan leik og öllögín voru gefin út á hljómplötunni „Eitt sumar á landinu bláa“ með þrem á palli.

4. desember var opin æfing fyrir Leikfélag Gagnfræðaskólanna í Keflavík og Gardinum og mættu 30 unglingar sem var sýnt allt sem að undirbúningi leiksýninga viðviku. Voru tvær stúlkur úr hópnum farðaðar og vakti það að vonum mikla hrifningu. Einnig var þeim sýnt hvernig búningar verða til en flestir búningar eru saumaðir af konum úr Leikfélaginu. Hafa þær þurft að leggja nótt við dag að undanförunu við að klára þá. Krakkarnir sáu síðan part úr leikritinu. Er þetta nýmæli sem fleiri leikfélög mættu taka upp til að auka áhuga barna og unglina á leikstarfsemi.

Litla Leikfélagið er einnig að hefja æfingar á Barnaleikriti. Það heitir „Spegilmaðurinn“ eftir Brian Way og er það þýtt af félögum leikfélagsins og verður því frumflutt hér á landi. Leikritið er hins vegar mjög auðvelt í uppsetningu og er nýstárlegt að því leyti að það er leikið á gólfinu á meðal áhorfenda, sem fá að taka þátt í leiknum og er þá miðað við áhorfendur á aldrinum 4ra — 10 ára. Ætla félagsmenn sjálfir að leikstýra þessu verki í hópvinnu og er stefnt að frumsýningu í febrúar.



Ein Chagall-myndanna á sýningunni — Ljósm. GEI

Myndkynning á Kjarvalsstöðum:

Grafík margra meistara

Chagall, Miró, Picasso, Vasarely — allt fræg nöfn, en flestir hafa þó aðeins séð myndir þeirra í bókum eða í besta falli eitt og eitt verk á söfnum erlendis. Það er því ekki ónýtt að fá að sjá orginal grafík eftir þessa meistara og fyrir þá fjársterku — geta meira að segja fest kaup á slíku.

Það er Myndkynning sem stendur nú í fjórða sinn fyrir

grafíksýningu á Kjarvalsstöðum og eru á henni verk eftir alls 33 listamenn, þ.á.m. einn íslenskan, Erró. Verkin hafa verið gerð í frá 50 uppi 220 eintök og verðlagið frá 70 þúsundum allt uppi 5 milljónir sem er dýrasta myndin eftir Chagall.

Sýningin verður opnuð kl. 2 í dag, laugardag og stendur í a.m.k. tvær vikur.

— vh



HAUSTRÖKKRIÐ YFIR MÉR

eftir Snorra Hjartarson

Stærsti viðburður á íslenskum bókamarkaði

Hauströkkur sem fer að í lífi manns og heims, temprað af unaði náttúrunnar og heidrikju og kyrrð hins fyrsta vors í endurminningunni. Fyrsta bók þessa listfenga skálds eftir 13 ára hlé.



Mál og menning

Snorri Hjartarson

Hauströkkrið

